

## FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS 2019

Haldinn að Grand Hótel Reykjavík  
fimmtudaginn 11. apríl 2019 kl. 17:00

### Dagskrá ársfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings.
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum.
5. Starfskjarastefna – til staðfestingar.
6. Kosning /skipan stjórnar.
7. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
8. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna.
9. Kjör endurskoðanda og endurskoðunarfyritækis.
10. Önnur mál.

### Fundarsetning

**Kolbeinn Gunnarsson stjórnarformaður** setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Kolbeinn gerði tillögu um Magnús M. Norðdahl hrl. sem fundarstjóra og var það samþykkt.

**Magnús M. Norðdahl** tók við fundarstjórn. Magnús upplýsti að um hefðbundin aðalfundarstörf væri að ræða og hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og spurði síðan fundarmenn hvort einhverjar athugasemdir væru við lögmati hans. Engar athugasemdir voru gerðar og úrskurðaði hann fundinn löglegan þar sem rétt hefði verið til hans boðað. Magnús gerði tillögu um Bjarneyju Sigurðardóttur sem fundarritara og var það samþykkt. Magnús fór yfir liði dagskrár og gekk því næst til dagskrár, gerði hann tillögu um að taka umræður um liði 1-3 sameiginlega, sem var samþykkt. Magnús gaf Kolbeini Gunnarssyni formanni stjórnar orðið til þess að flytja skýrslu stjórnar.

#### 1. Skýrsla stjórnar

**Kolbeinn Gunnarsson stjórnarformaður** flutti skýrslu stjórnar.

Kolbeinn gat þess að árið 2018 hafi verið viðburðarríkt í rekstri sjóðsins og nefndi m.a. að aukin verðbólga, óvissa og sveiflur á mörkuðum hafi einkennt seinni hluta ársins sem gerði það að verkum að hrein raunávöxtun sjóðsins varð 2,4%, samanborið við 5,8% árið á undan. Kolbeinn áréttaði að Gildi væri langtímafjárfestir og því rétt að skoða ávöxtun sjóðsins til lengri tíma litið en 20 ára raunávöxtun sjóðsins er 3,7%, þrátt fyrir gjaldeyrishöft og efnahagshrun á tímabilinu.

Kolbeinn sagði sjóðinn standa styrkum fótum og gat þess að hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris hafi verið 556 milljarðar króna í árslok. Þá fjallaði Kolbeinn um lífeyrisgreiðslur og þunga örorkubyrði sjóðsins og telur hann að framlag ríkisins vegna örorkubyrði lífeyrissjóðanna sé ekki nægjanlega hátt til að jafna stöðu sjóðanna og væri það verk að vinna í framtíðinni, að jafna þessa stöðu. Kolbeinn ræddi hluthafastefnu Gildis og benti á dæmi s.s. N1 og HB Granda þar sem sjóðurinn hefur beitt sér á hluthafafundum með tillögum og ályktunum, sem m.a. leiddu til þess að starfskjarastefnu N1 var breytt og viðmið greiðslna til stjórnenda voru lækkuð. Kolbeinn nefndi að Gildi hafi verið brautryðjandi í vinnu af þessu tagi og að aðrir sjóðir hafi horft til þess fordæmis sem Gildi hefur sett.

*Magnús M. Norðdahl*  
TDS.



Þá fjallaði Kolbeinn um rekstrarkostnað sjóðsins, sem nam 0,16% af eignum á árinu 2018, og fullyrti að reksturinn væri hagkvæmur og í góðu jafnvægi. Hækkun kostnaðar stafaði m.a. af því að verkefnum á skrifstofu sjóðsins hefur fjölgað verulega. Aukin áherslu hefur verið á áhættustýringu og sprenging í lánveitingum til sjóðfélaga. Að lokum gerði hann stuttlega grein fyrir tilgreindri séreign sem er tilkomin vegna hækkunar iðgjalda úr 12% í 15,5%, en sjóðfélagar hafa val um að setja 3,5% hækkunina, í tilgreinda séreign. Kolbeinn gat þess að lagaleg umgjörð þessa máls sé enn óklárud og sé í vinnslu í þinginu. Hann sagði mikið verk fyrir höndum að kynna þessa leið þar sem einungis 700 sjóðfélagar hafi nú þegar skráð sig í hana hjá Gildi. Kolbeinn þakkaði stjórnarmönnum og starfsmönnum Gildis fyrir samstarfið, en hann vísar nú úr stjórn Gildis. Ræða Kolbeins á fundinum verður gerð aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

### **2-3. Kynning ársreiknings, fjárfestingarstefnu, tryggingafræðilegrar úttektar og hluthafastefnu.**

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri vísaði í ársskýrsluna, benti á að þar væri að finna miklar og ítarlegar upplýsingar um sjóðinn og hvatti fundargesti að kynna sér skýrsluna vel. Hann gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins, tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu. Helstu atriði erindis hans koma fram í kynningu sem gerð verður aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

Árni fór yfir stærstu liði í ársreikningnum og gat þess að hrein eign Gildis hafi hækkað á árinu 2018 úr 517 ma.kr. í 561 ma.kr.. Hann gerði grein fyrir heildargreiðslum iðgjalda til sjóðsins, fjölda greiðandi sjóðfélaga og fjölda sjóðfélaga sem eiga réttindi hjá sjóðnum, einnig lífeyrisgreiðslum úr sjóðnum á árinu og fjölda lífeyrisþega eftir tegundum lífeyris. Þá gerði Árni grein fyrir þróun á innlendum og erlendum mörkuðum, fór yfir þróun nafn- og raunávöxtunar og sýndi nafnávöxtun einstakra eignaflokka ásamt ávöxtun til lengri tíma litið. Hann gerði grein fyrir fjárfestingum sjóðsins á árinu og sýndi sérstaklega þá miklu aukningu sem orðið hefur á sjóðfélagalánum, en árið 2018 voru veitt 1.359 ný lán, sem er aukning í fjölda lána um 54,8% á milli ára, að fjárhæð samtals 22 ma.kr.. Einnig var gerð grein fyrir fjárfestingatekjum og kostnaði sjóðsins á árinu. Farið var yfir tryggingafræðilega stöðu og þróun hennar undangengin ár. Staðan er neikvæð um 1,5% í árslok sem er sama staða og árið áður. Jafnframt farið yfir helstu atriði fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2019. Varðandi séreignardeildir var farið yfir ávöxtun einstakra deilda og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2019.

Árni gerði grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins sem var uppfærð í október sl. til samræmis við framkvæmd stefnunnar undanfarin misseri. Hluthafastefnan gildir um fjárfestingar í skráðum félögum og markar stefnu sjóðsins sem eiganda í viðkomandi félögum og ákvarðar hvernig sjóðurinn beitir sér á hluthafafundum. Hún ásamt stefnu um ábyrgar fjárfestingar setur fram áherslur sjóðsins með tilliti til stjórnarháttá, umhverfismála og félagslegra málefna.

Þá gerði Árni grein fyrir framkvæmd hluthafastefnunnar og í hvaða félögum Gildi beitti sér á árinu 2018 og má nálgast þær upplýsingar í glærum fundarins sem birtar eru á heimasíðu sjóðsins.

**Fundarstjóri** opnaði þessu næst mælendaskrá um þessa þrjá dagskrárliði.

#### **Jóhann Páll Símonarson**

Jóhann Páll fékk orðið og spurðist fyrir um háan kostnað vegna FME, hátt í 30 m.kr. á ári. Einnig spurði hann um háan kostnað vegna tölvu og hugbúnaðar. Þá spurði hann um Fáfni, hver væri staðan á því máli. Jóhann spurði einnig um arðgreiðslur hjá hinum ýmsu félögum og vísaði í bls. 101 í skýrslunni og spyr hvort þetta séu tapaðar fjárfestingar þar sem talan sé núll. Segist alltaf vera að spyrja en fái ekki svör.

#### **Óskar Jafet Hlökkversson**

Óskar Jafet spurði um fjöldann sem hafi skráð sig í tilgreinda séreign? (3,5% )



### **Örn Pálsson**

Örn þakkaði fyrir góða skýrslu og taldi raunávöxtun þokkalega miðað við aðstæður á mörkuðum. Örn spurði um hækkun á Umsýslubókun úr 2,7% í 3,2% á innlendum fjárfestingum og telur hana of háa. Þá spurði hann um hve mikið af raunávöxtun tilheyri annars vegar erlendum fjárfestingum og hins vegar innlendum fjárfestingum.

Örn velti einnig fyrir sér hvort gæti verið ódýrara fyrir Gildi að annast sjálf innheimtu lána í stað þess að láta Íslandsbanka sjá um innheimtuna. Þá vildi hann koma því á framfæri að launakostnaður hjá skráðum félögum sem Gildi á eignarhlut í, hefur greinilega borið einhvern árangur, þar sem laun þessara forstjóra hafa lækkað sbr. N1 og Eimskip.

Örn spurði að lokum hvort það hafi verið rætt í stjórn sjóðsins að beita 134. gr. hlutafjárlaga í sambandi við það að sækja skaðabætur vegna mistaka í starfi í rekstri hlutafélags. Vísaði Örn hér í mál fyrrverandi forstjóra Icelandair sem vék úr starfi og viðurkenndi mistök í starfi sínu.

### **Árni Guðmundsson**

Árni svaraði Jóhanni Páli og sagði að fyrirspurnum hans sé ávallt svarað.

Varðandi fyrirspurn um háan kostnað vegna tölvukerfa sagði Árni að um mikið og stórt kerfi sé að ræða sem heldur utan um alla starfsemi sjóðsins og hér sé um að ræða rekstur kerfisins.

Árni vísaði í fyrirspurn um arðgreiðslur og sagði að þó að það séu ekki arðgreiðslur frá félögum þá þýði það ekki að það sé töpuð fjárfesting. Það eru ekki öll félög sem greiða út arð.

Árni svaraði einnig spurningu Óskars um fjölda í tilgreinda séreign, en þeir eru um 700 talsins.

### **Davíð Rúdólfsson**

Davíð svaraði spurningu Jóhanns Páls um 30 ma.kr. kostnað vegna FME og benti á að Gildi er undir eftirliti FME og þetta er árgjald sem sjóðurinn borgar eins og öll önnur fjármálafyrirtæki sem eru undir eftirliti FME. Þá svaraði Davíð fyrirspurn um Fáfni og sagði að Jóhann hafi áður fengið svör frá sjóðnum varðandi þetta mál en þessi fjárfesting kemur til með fjárfestingu úr tveimur innlendum framtakssjóðum. Davíð sagði að þessi fjárfesting hafi ekki gengið vel og hafi orðið verulegt tap af henni eins og kom fram í fyrra svari sjóðsins til Jóhanns. Það liggur ekki enn fyrir hvaða niðurstaða verður í því máli, sjóðurinn sem slíkur hefur ekki beina aðkomu málinu og er það alfarið á forræði þeirra sjóða sem hafa með málið að gera.

Varðandi spurningu Arnar um kostnað af innlendum fjárfestingum sagði Davíð að stærsti hluti innlenda safnsins sé í innanhúss stýringu hjá sjóðnum og það sé aðeins lítill hluti sem er á bak við þessa hækkun sem Örn vísar í, en þeir sjóðir séu dýrir í umsýslu.

Davíð svaraði einnig spurningu um skiptingu hagnaðar milli innlenda og erlenda safnsins og sagði að hagnaðurinn liggi að mestu leyti í innlenda safninu en það erlenda hafi ekki skilað miklu á árinu eða ca. 19% af hagnaði ársins.

### **Árni Guðmundsson**

Árni svaraði spurningu Arnar Pálssonar varðandi innheimtu sjóðfélagalána og sagði það hafi verið skoðað að innheimtan væri innandyra í sjóðnum en hafi verið metið þannig að það sé ekki æskilegt vegna mikils aukakostnaðar s.s. fjölgun starfsmanna, utanumhalds og kerfisbreytinga. Sjóðurinn bendir sjóðfélögum ætíð á ódýrustu leiðir við innheimtu í bankanum.

Árni svaraði einnig spurningu Arnar um hvort stjórnin hafi rætt möguleika á málaferlum við fyrrverandi forstjóra Icelandair og sagði Árni að það hafi ekki verið gert.

### **Jóhann Páll Símonarson**

Jóhann kom í pontu og ítrekaði það að fá svör við fyrirspurn sinni um Fáfni og sagðist aldrei hafa fengið fullnægjandi svar. Jóhann spurði einnig um hvaða tryggingar sjóðurinn hafi fyrir skuldabréfum



sveitarfélaga. Benti á að Reykjavíkurborg sé með miklar skuldir, og segir að veð séu ekki fyrir hendi hjá þessum sveitarfélögum.

### **Guðríður Kristjánsdóttir**

Guðríður beindi athugasemd sinni til stjórnar sjóðsins, vísaði í texta í hluthafastefnu sjóðsins og sagði að breyta þurfi orðalagi í hluthafastefnunni.

Textinn er á þessa leið: „Áhersla er lögð á skýrt hlutverk stjórnarformanns, erindisbréf forstjóra, starfsáætlun stjórnar, undirnefndir, *vanhæfi og hagsmunaárekstra*, árangursmat stjórnar, reglubundna endurskoðun stjórnarháttá og birtingu stjórnarháttayfirlýsinga.“

Guðríður telur eðlilegra að brjóta þessa setningu upp en hún geti verið misskilin þar sem í byrjun er sagt að áhersla sé lögð á upptalda þætti þ.á.m. vanhæfi og hagsmunaárekstra. Hún telur eðlilegra að taka þessa þætti út og bæta við setningu sem gæti verið: „Þá skal og þess gætt að ekki sé um vanhæfi eða hagsmunaárekstra að ræða.“

### **Davíð Rúdólfsson**

Davíð svaraði fyrirspurn Jóhanns Páls varðandi skuldabréf sveitarfélaga og sagði það rétt að staða margra sveitarfélaga hafi ekki verið góð undanfarin ár en sjóðurinn sé sáttur við þessar eignir og bendir á að um helmingur þeirra er í skuldabréfum Lánasjóðs sveitarfélaga.

**Magnús** lokaði mælendaskrá

## **4. Tillögur til breytinga á samþykktum.**

**Fundarstjóri** gerði grein fyrir að Örn Pálsson hafi sent tillögur til breytinga á samþykktum. Þær hafi snúið að stjórnskipan sjóðsins og ekki hlotið samþykki aðildarfélaga til þess að verða teknar fyrir á fundinum. Hann gaf því næst Árna Guðmundssyni orðið til að gera grein fyrir samþykktabreytingunum.

**Árni Guðmundsson** rifjaði upp samninginn sem sjóðurinn byggir á frá 1969 milli aðila vinnumarkaðarins og Samtaka atvinnulífsins og vísaði í breytingar sem gerðar hafa verið á þeim samningi síðan. Árni nefndi samkomulag það sem gert var í apríl 2018, sem snýr að stjórnkerfi sjóðsins og sagði að tillögurnar sem lagðar eru fyrir fundinn séu allar byggðar á þessu samkomulagi.

Árni gerði því næst grein fyrir og fór yfir tillögur til breytinga á samþykktum og greinargerð með þeim sem lá fyrir fundinum.

### **Tillaga til breytinga á gr. 2.2.:**

Greinin orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Grundvöll sjóðsins má rekja til á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 ásamt síðari breytingum og markmið samþykktá sjóðsins að tryggja tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

### **Tillaga til breytinga á gr. 4.1.:**

Greinin orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt tveimur varamönnum, og fjórir staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði á grundvelli tilnefningar af stjórn Samtaka atvinnulífsins ásamt tveimur varamönnum. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Tveimur mánuðum fyrir ársfund skulu aðildarsamtök launamanna sem



~~að sjóðnum standa skipa fjögurra manna kjörnefnd sem skal gera tillögu til fulltrúa sjóðsfélaga í fulltrúaráði um kosningu stjórnarmanna og varamanna þeirra fyrir komandi kjörtímabil. Tillaga kjörnefndar um val til stjórnar skal taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvarendi aðkomu að stjórn sjóðsins.~~

#### **Tillaga til breytinga á gr. 4.3.:**

Greinin orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins. Einstaklingur sem setið hefur í stjórn sem aðalmaður í 8 ár má ekki taka sæti sem aðalmaður fyrr en að þremur árum liðnum.

#### **Tillaga til breytinga á gr. 4.11.:**

Greinin orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn mega taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður, ~~eða~~ starfsmaður eða af öðrum fjárhagslegum toga. Um vanhæfi til meðferðar einstaks máls fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Stjórnarmönnum og eftir atvikum starfsmönnum er skylt að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framantöldu.

#### **Tillaga til breytinga á fyrirsögn gr. 5:**

Fyrirsögn orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun):

Ársfundur og störf fulltrúaráðs

#### **Tillaga til breytinga á gr. 5.3.:**

Síðasta setning ákvæðisins orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út) en ákvæðið að öðru leyti óbreytt:

[...] Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð ~~eins annars~~ tveggja annarra fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins og á ársfundi.

#### **Tillaga að nýjum ákvæðum 5.4., 5.5. og 5.6.:**

„5.4. Stjórn sjóðsins skal kalla saman fulltrúaráðið tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem rædd eru málefni sjóðsins, lykiltölur úr afkomu og framvinda fjárfestingarstefnu kynnt. Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða að fundur fulltrúaráðs að hausti sé opinn sjóðfélögum. Á fundi fulltrúaráðs í aðdraganda ársfundar skulu auk þess breytingar á samþykktum kynntar ef við á og starfskjarastefna kynnt. Fulltrúar samtaka launamanna skulu jafnframt staðfesta tilnefningar frá tilnefningarnefnd á fulltrúum sjóðfélaga til stjórnar sjóðsins. Þá skulu fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta tilnefningu Samtaka atvinnulífsins til stjórnar sjóðsins.

5.5. Eigi síðar en þremur mánuðum fyrir ársfund skulu fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði sjóðsins skipa a.m.k. þriggja manna nefnd sem gera skal tillögu um frambjóðendur fulltrúa sjóðfélaga til stjórnar og varamanna þeirra. Tillagan skal m.a. taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvarendi aðkomu að stjórn sjóðsins. Tilnefningarnefndin skal setja sér eigin starfsreglur. Samtök atvinnulífsins skulu jafnframt starfrækja tilnefningarnefnd sem undirbýr tilnefningar Samtaka atvinnulífsins um fulltrúa atvinnurekenda til stjórnar og varamenn þeirra. Tilnefningarnefndir þessar skulu hafa formlegt samráð sín á milli með það að markmiði að tryggja að



tillögur hvors aðila um sig séu með þeim hætti að stjórn verði í heild þannig samsett hverju sinni að hún búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt og geti sinnt málefnum sjóðsins af skilvirkni og heilindum.

5.6. Innan lífeyrissjóðsins starfar fjögurra manna nefnd um laun stjórnarmanna sem undirbýr og leggur fram tillögu til ársfundar um laun stjórnar fyrir komandi ár. Ársfundur kýs þrjá fulltrúa í nefndina. Nefndarmenn sem ársfundur kýs geta ekki verið úr hópi stjórnarmanna. Jafnframt situr stjórnarformaður sjóðsins hverju sinni í nefndinni. Nefndin skal hafa hliðsjón af því að stjórnarlaun endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Einn nefndarmanna skal kosinn af fulltrúum stéttarféлага í fulltrúaráði og annar af fulltrúum samtaka atvinnurekenda í fulltrúaráði. Sá þriðji skal kosinn til skiptis af fulltrúum stéttarféлага og fulltrúum samtaka atvinnurekenda í fulltrúaráði. Fulltrúar þess hóps sem ekki skipar stjórnarformann næstkomandi kjörtímabil kýs þriðja fulltrúann hverju sinni.“

**Tillaga til breytinga á núverandi gr. 5.5. (verður gr. 5.8. vegna nýrra ákvæða):**

Síðasta setning ákvæðisins orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

**5.8. Á dagskrá skulu vera eftirfarandi eftirtaldir dagskrárliðir:**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings.
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins.
6. Starfskjarastefna til staðfestingar.
7. Kosning stjórnar og varamanna. Fulltrúar stéttarféлага í fulltrúaráði skulu kjósa tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um staðfestingu þeirra á tveimur aðalmönnum og einum varamanni í stjórn á grundvelli tilnefningar Samtaka atvinnulífsins kjör stjórnar Samtaka atvinnulífsins á tveimur aðalmönnum og einum varamanni í stjórn. Gert skal hlé á fundi meðan kosning skv. þessum lið fer fram.
8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 23. greinar.
9. Kosning þriggja nefndarmanna í nefnd um laun stjórnarmanna.
10. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
11. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
12. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

**Fundarstjóri** gaf orðið laust um framlagðar tillögur.

**Árni Bjarnason**

Árni Bjarnason formaður Félags skipstjórnarmanna, hefur verið tengdur inn í stjórn Gildis í gegnum tíðina en sagðist ekki hafa tjáð sig oft á ársfundi. Árni sagði ástæðu að taka til máls vegna þeirra tillagna á breytingum samþykktu sjóðsins sem liggja fyrir á þessum fundi. Hann sagði að á fundum sem haldnir hafa verið til undirbúnings þessa ársfundar, hafi forystusveit Eflingar í krafti stærðar sinnar óskað eftir auknum áhrifum innan stjórnar sjóðsins, með því að tryggja að Efling eigi tvo fulltrúa af fjórum, sem sitji í stjórn sjóðsins fyrir hönd launafólks. Hann segir þetta gert í andstöðu allra annarra aðildarféлага og telur þar með að bundinn sé endir á það samkomulag sem upphaflega var gert og unnið hefur verið

6  
MB  
BS



eftir frá stofnun sjóðsins, til að skipa í stjórn sjóðsins. Árni telur þetta viðhorf Eflingar ekki uppbyggilegt og ekki í þeim anda sem var við stofnun Gildis, við sameiningu Lífeyrissjóðs sjómanna og Framsýnar. Árni sagði að ef Efling fái tvo fulltrúa þá fái öll hin 9 aðildarfélögin aðeins tvo fulltrúa, þannig að það geti liðið langur tími þar sem eitthvert af þessum félögum hefur engan fulltrúa innan sjóðsins. Árni benti einnig á að mikilvægt sé að tilnefningarnefnd skv. grein 5.5 verði skipuð úr fleiri aðildarfélögum en Eflingu. Að lokum hvatti Árni nýja stjórnarmenn til að halda í hlutverk sjóðsins að efla og standa vörð um lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

**Fundarstjóri** benti á að orðið væri laust um breytingartillögurnar.

### **Þorbjörg Kristjánsdóttir**

Þorbjörg sagðist vera Eflingarkona og sagðist þrátt fyrir það vera sammála því sem Árni Bjarnason sagði og telur Eflingu vera að seilast of langt til valda. Þorbjörg sagði ennfremur að henni finnst stjórnarlaunin vera of há og fáir sem ákvarði hver þau eigi að vera.

### **Örn Pálsson**

Örn segist hafa gagnrýnt áður að hinn almenni sjóðfélagi hafi ekki atkvæðisrétt á fundinum, það sé einungis í höndum fulltrúaráðs að greiða atkvæði og því vilji hann breyta. Hann sagðist jafnframt vilja breyta samsetningu í stjórn þannig að það kæmu 4 frá launþegum, 3 frá Samtökum atvinnulífsins og einn væri kosinn almennri kosningu á fundinum.

**Fundarstjóri** óskaði eftir heimild frá fundinum að bera allar tillögurnar upp í einu lagi, enda byggji þessar tillögur allar á sama grunni. Ekki komu fram andmæli um að greiða atkvæði í einu lagi en Jóhann Páll Símonarson óskaði eftir leynilegri atkvæðagreiðslu um tillögurnar í stað handauppréttinga.

Fundarstjóri sagði að engin ákvæði væru um það í samþykktum sjóðsins hvernig haga skuli leynilegri atkvæðagreiðslu en fundarstjóri leit svo á samkvæmt almennum fundarsköpum, að þegar ósk kemur fram um slíkt, þá sé æskilegt og rétt, að verða við slíkum óskum. Einn fundarmanna gerði athugasemd við það að einn aðili fundarins geti ráðið því að um leynilega atkvæðagreiðslu verði að ræða en fundarstjóri sagði að þar sem ekkert er um leynilega atkvæðagreiðslu í samþykktum þá ætli hann að verða við ósk Jóhanns Páls. Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir hvernig atkvæðagreiðslunni skuli háttað, að skrifað verði á atkvæðaseðilinn já eða nei. Starfsmenn sjóðsins söfnuðu seðlunum saman og töldu atkvæði og var Jóhann Páll viðstaddur talninguna.

Fundarstjóri gerði grein fyrir úrslitum úr talningu atkvæða:

Úr hópi atvinnurekenda voru 14 sem greiða máttu atkvæði og sögðu allir já.

Úr hópi launamanna voru 51 sem greiða máttu atkvæði en fjöldi atkvæða var 45.  
37 sögðu já, 6 sögðu nei, 2 seðlar voru auðir eða ógildir.

Breytingarnar voru samþykktar með um 80% atkvæða.

## **5. Starfskjarastefna til staðfestingar**

**Árni Guðmundsson** gerði grein fyrir starfskjarastefnu Gildis. Stjórn sjóðsins setti þessa stefnu í fyrra og markmiðið með henni er að styðja við góða stjórnarhætti í rekstri sjóðsins og er ætlað að treysta langtímahagsmunum sjóðfélaga, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti. Árni fór í stórum dráttum yfir helstu þætti starfskjarastefnunnar og gerði m.a. grein fyrir þeirri miklu vinnu sem liggur að baki hverjum stjórnarfundum og hversu mikil vinna það er fyrir bæði starfsmenn og stjórnarmenn að undirbúa sig fyrir og sitja stjórnarfundum. Árni sagði að laun stjórnarmanna í

7  
180

lífeyrissjóðum séu langt undir því sem þekkist í skráðum félögum. Að lokum kom Árni að því að starfskjarastefnu skal staðfesta á ársfundi sjóðsins sem verður gert hér á eftir.

**Fundarstjóri** gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls.

**Fundarstjóri** bara starfskjarastefnuna upp og var hún staðfest einróma.

## 6. Kosning / skipan stjórnar.

Tekin var fyrir tillaga kjörnefndar launafólks um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna:

Til tveggja ára, til ársfundar 2021:

Aðalmenn: **Ingibjörg Ólafsdóttir**  
**Stefán Ólafsson**

Varamaður: **Sara S. Öldudóttir**

**Fundarstjóri** spurði hvort gerðar væru aðrar tillögur og benti á að aðeins fulltrúar launamanna hefðu atkvæðisrétt um þessa tillögu. Ekki komu fleiri tillögur fram. Framlögð tillaga samþykkt samhljóða.

**Fundarstjóri** gerði síðan grein fyrir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum í stjórn til tveggja ára, til ársfundar 2021, en samkvæmt samþykktum sjóðsins er ekki um það kosið á ársfundi:

Aðalmenn: **Freyja Önundardóttir**  
**Gylfi Gíslason**

Varamaður: **Sigríður Margrét Oddsdóttir**

## 7. Ákvörðun launa stjórnarmanna.

**Fundarstjóri** gerði grein fyrir framlagðri tillögu um laun stjórnarmanna þess efnis að mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 123.473, laun formanns verði tvöföld eða kr. 246.946 og laun varaformanns verði kr. 185.210. Stjórnarlaun miðist við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir séu fleiri skuli greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund. Varamaður fái greidd laun aðalmanns, kr. 123.473, fyrir hvern setinn stjórnarfund. Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns.

Orðið var gefið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

**Fundarstjóri** bar tillöguna upp og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 7.

## 8. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna.

**Fundarstjóri** gerði grein fyrir framlagðri tillögu um fulltrúa í nefnd um laun stjórnarmanna, sem byggir á þeim breytingum sem voru áður samþykktar á samþykktum sjóðsins. Nefndin er fjögurra manna, þrír eru kosnir á ársfundi, en auk kjörinna fulltrúa á stjórnarformaður sæti í nefndinni.

Fulltrúar launamanna: **Berglind Rós Gunnarsdóttir**  
**Trausti Jörundsson**

Fulltrúi atvinnurekenda: **Davíð Þorláksson**



**Fundarstjóri** bar tillöguna upp og var hún samþykkt einróma.

## 9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

**Fundarstjóri** gerði grein fyrir framlagðri tillögu um að endurskoðandi sjóðsins verði Deloitte ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi.

**Fundarstjóri** leitaði eftir öðrum tillögum sem ekki komu fram. Framlögð tillaga var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## 10. Önnur mál.

**Fundarstjóri** gat þess að engar aðrar tillögur liggja fyrir fundinum og gaf orðið laust.

### **Daníel Örn Arnarsson**

Daníel Örn benti á að margir sjóðfélagar eru af erlendu bergi brotnir og því væri æskilegt að koma til móts við þá á ársfundinum með einhverjum hætti, þannig að allir geti tekið þátt í fundinum.

### **Sólveig Anna Jónsdóttir**

Sólveig Anna sagðist vilja bregðast við orðum Árna Bjarnasonar varðandi þá stefnubreytingu sem Efling beytti sér fyrir. Sólveig sagði að hlutur Eflingar af iðgjöldum sjóðsins sé um 3/4 og þessi hlutur fari vaxandi. Stuðst er við þennan hlut til að reikna út fjölda fulltrúa í fulltrúaráðinu og sagði Sólveig að þrátt fyrir þetta stóran hlut þá eftirláti Efling tvö af fjórum stjórnarsætum til annara félaga. Sólveig sagðist hafa séð sig knúna til að koma þessu á framfæri þar sem litið væri á þessa stefnubreytingu sem einhvers konar ranglæti sem Efling væri að beita sér fyrir. Sólveig sagði að það fyrirkomulag sem henni var kynnt varðandi stjórnarsetu hafi verið kynnt sem heiðursmanna samkomulag og þar sem hún var ekki aðili að þessu samkomulagi í upphafi lítur hún á það sem hlutverk sitt að hafna svo ólýðræðislegri nálgun og telur alveg fráleitt að hún sé bundin af samkomulagi sem hún átti engan þátt í að gera.

**Fundarstjóri** lokaði mælendaskrá.

### **Jóhann Páll Símonarson**

Jóhann Páll gerði athugasemd við fyrirkomulagið sem hefur verið við lýði síðast liðin 50 ár þar sem atvinnurekendur og samtök innan ASÍ hafa skipt með sér völdum. Jóhann Páll segir að hinn venjulegi sjóðfélagi eins og hann sjálfur (varla 164 cm á hæð) sé algjörlega valdalaus. Hann skilur ekki lýðræðið og vísar í að það sé háð samþykktum sjóðsins hvernig upplýsingar eru veittar. Hann segist mega borga í sjóðinn en ekki fara með féð úr sjóðnum. Hann hefur beðið um skýrslu endurskoðanda en ekki fengið hana þar sem skýrslan er fyrir stjórn sjóðsins. Jóhann telur það brot á mannréttindum að fá ekki umbeðnar upplýsingar. Jóhann ræddi tap sem varð í kringum hrúnið og vill meina að því hafi verið haldið leyndu þar sem það kom ekki fram fyrr en árin 2009 og 2010. Hann vill breyta orðinu „tap“ í orðabókinni í „sukk og brúðl“. Jóhann segir það brjóta mannréttindi að sjóðfélagar hafi ekkert um það að segja hvernig sparnaðinum er varið og segir lífeyriskerfið ógagnsætt og upplýsingaskylduna ekki næga. Hann vísaði í skoðanakönnun sem Fréttablaðið lét gera, þar sem spurt var hvort fólk vildi fá að velja sér lífeyrissjóð og sagði Jóhann að niðurstöðurnar hafi verið að 97% hafi verið hlynt því að velja sér sjóð. Jóhann vill breyta lögunum þannig að sjóðfélagar geti valið sér sinn lífeyrissjóð og að þeir sjái sjálfir alfarið um sinn sjóð og geti flakkað á milli sjóða eins og þeim hentar. Þetta er það lýðræði sem Jóhann vill sjá og það þjóni hagsmunum allra. Hann benti því næst fundarmönnum á að láta ekki valdaklíkur stjórna gjörðum sínum.


9  
180

### **Kristján Þór**

Kristján sagðist hafa hnotið um orð Sólveigar Önnu um stærð Eflingar í sjóðnum og segist vera mjög hissa hvað það er stór hluti Eflingarfólks sem greiðir í sjóðinn. Kristján velti fyrir sér hvort fjöldinn á bak við þennan Eflingarhluta sé ekki að stórum hluta vegna vinnu við hlutastörf. Hann velti fyrir sér hvort ekki væri eðlilegra að skoða vægi eftir inngreiðslum og hlutastörfum.


**Fundarstjóri** sagði að mælendaskrá væri lokuð og tæmd en benti á í góðlátlegu gríni að menn í valdamestu klíkum heimsins séu allir undir 164 cm. á hæð. Fundarstjóri sagði sínu hlutverki á fundinum lokið og gaf **formanni stjórnar** orðið sem þakkaði fyrir góðan fund, það nýja stjórn að doka við og sleit fundi kl. 18:55.

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu 67 fulltrúar, þar af 51 fulltrúi launamanna og 16 fulltrúar atvinnurekenda. Fjöldi fundarmanna í heild var um 110 manns.



---

Magnús M. Norðahl  
fundarstjóri



---

Bjarney Sigurðardóttir  
fundarritari